

29. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.

1868.
22. júní.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með bréfi yðar 22. f. m., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju um sig:

Uppgjafapresti	Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi	15 rd.
—	Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðarhrauni	55 —
—	Jóni Sigurðssyni frá Söndum	60 —
—	Stefáni Hanssyni á Valstrítu	15 —
Prestsekkju	Helgu Jónsdóttur	30 —
—	Helgu Guðmundsdóttur	10 —
—	Salbjörgu Jónsdóttur	20 —
—	Helgu Arnfinnsdóttur	5 —
—	Guðrúnu Vernharðsdóttur	15 —
—	Oddnýju Ingvarsdóttur	20 —
—	Þóru Auðunardóttur	20 —
—	Elínu Einarsdóttur	30 —
—	Marenu Havstein	10 —
—	Guðbjörgu Aradóttur	10 —
—	Valgerði Einarsdóttur	5 —
—	Guðríði Helgadóttur	10 —
—	Sigríði Jónsdóttur	10 —
—	Guðlögu Guttormsdóttur	10 —
—	Guðrúnu Ingvarsdóttur	20 —
—	Guðnýju Jónsdóttur	15 —
—	Solveigu Markúsdóttur	10 —
—	Kristínu Eiríksdóttur	12 —
—	Þorbjörgu Jónsdóttur	18 —
—	Margrétu Narfadóttur	40 —

1868.	Prestsekkju Guðlögu Eiríksdóttur	15 rd.
22. júní.	— Guðrúnu Jónsdóttur	10 —
	— Þórunni Ásgrímsdóttur	10 —

Þetta skal yður hér með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það heim, sem hlut eiga að máli, og um leið og vör vísum til bréfs stjórnarráðsins 15. júlímán. 1865, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fê þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

22. júní. **30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun láns, er Grunnavíkur hreppur hafði fengið.**

Með bréfi 17. febrúarmán. þ. á. hafði þér, herra amtmaður, sent hingað álitsskjal frá sýslumanninum í Ísafjarðar sýslu, um borgun láns þess, 100 rd. að upphæð, sem Grunnavíkur hreppur hefir fengið úr hinum íslenska styrktarsjóði til þess að kaupa korn fyrir, og er þar látið mjög illa yfir ástandinu í tæðum hrepp. Hafði þér getið þess, að þér fyrir yðar leyti sènd mjög vonardauður um, að hreppurinn geti borgað nokkuð uppí lán þetta, meðan ástandið þar batnar ekki, og að yður því sè næst geði að leggja til með, að skuldin sè gefin hreppnum upp, en, ef að ekki verður fallizt á þessa uppástungu yðar, hafði þér lagt fram með, að hreppurinn verði leystur undan að gjalda vexti af láninu, með því skilyrði, að hann borgi það aptur á 10 árum, töldum frá 1. janúarmán. 1869, tíunda hluta á hverju ári.

Útaf þessu skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörði ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið sèr sèr ekki fært að gefa Grunnavíkur hrepp skuldina upp, eða að leysa hann undan að borga vexti af henni, en að hreppnum þar á móti skal veittur gjaldfrestur fyrst um sinn í 5 ár með að borga uppí innstæðuna með því skilyrði, að vextir